

REGLUGERÐ

um (13.) breytingu á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

- 27) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/978 frá 9. júlí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2018 frá 21. september 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 72 frá 8. nóvember 2018, bls. 154-157.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/978 frá 9. júlí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í c-lið 7. töluliðar 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 8. nóvember 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.